



1 t b l 4 1 á r g f e b r ú a r 2 0 0 6

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar 80 ára

Viðtal við borgarstjóra
Fræðsla á vorönn





Sjöfn Ingólfssdóttir
formaður St.Rv.

Aðalfundur

Starfsmannafélags
Reykjavíkurborgar

verður haldinn
4. mars nk. kl. 13
að Grettisgötu 89, 4. hæð.

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Sjöfn Ingólfssdóttir

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Guðjón Indriðason og

Ragnhildur Helgadóttir

Umbrot: Jakobína Þórðardóttir

Prófarkalestur Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentun: Hjú OSS ehf.

Mynd forsiðu: Bára

Formaður hefur orðið....

Félagsstarfið á undangengnum vikum og mánuðum hefur einkennst af umræðunni um kaup og kjör. Samninganefndir félagsins og verkefni þeirra hafa gert miklar kröfur til tíma fólks, þær hafa þurft mikið pláss í félagsstarfinu og krafist á stundum óskiptar athygli stjórnar, fulltrúaráðs og almennra félagsmanna. Mikið álag hefur verið á skrifstofu félagsins svo eitthvað getur hafa lagst til hliðar tímabundið vegna anna, en nú eru hlutirnir að færast í hefðbundið horf. Undirbúningur fyrir aðalfund sem haldinn verður 4. mars n.k. er í fullum gangi, prentun á nýgerðum kjarasamningum er í vinnslu, uppstillinganefnd félagsins hefur gengið frá uppstillingu til stjórnar og fræðslunefnd skipulagt vorönnina, eins og blaðið ber með sér að þessu sinni. Sem sagt – hefðbundin verkefni á hefðbundnum árstíma.

Sú mikla og á köflum óvæga umræða utan- aðkomandi aðila sem spunnist hefur í kjölfar nýgerðra kjarasamninga félagsins við Reykjavíkurborg hefur komið mörgum félagsmanninum á óvart. Margt hefur þar verið sagt sem ekki er sannleikanum samkvæmt og annars staðar hefur mönnum ekki sést fyrir og þeir farið þeim orðum um störf og starfsmenn að erfitt er að kyngja. Fæstir þeir sem um hafa fjallað hafa hirt um að afla nákvæmra upplýsinga hjá félaginu um einstaka þætti samningsins, hvergi er minnst á að síðasti kjarasamningur félagsins við borgina gildi í 5 ár og að allt það samningstímabil fór fram gífurleg vinna, beggja megin borðs við að koma á nýju launakerfi og starfsmati eins og sá samningur gerði ráð fyrir. Það langa ferli reyndi mjög á félagsmenn, sem sýndu ótrúlegt langlundargeð og öllum var löngu ljóst að í nýjum kjarasamningi yrði að tryggja nægt fjármagn til

að starfsmatið næði til allra starfa sem inni matinu voru.

Sá árangur sem náðist við samningaborðið að þessu sinni er vissulega vel ásættanlegur, afar mikilvægt skref er þar stigið varðandi nýja launatengingu við starfsmatið og þar er ennfremur að finna nýja framtíðarsýn varðandi starfsmenntun og starfsþróun félagsmanna. Þennan árangur ber ekki síst að þakka aðal samninganefnd félagsins. Eindrægni, samstaða og gott skap („það var gaman saman“) einkenndi öll störf nefndarinnar og skilaði þeim árangri sem raun ber vitni.

Undirbúningur nefndarinnar fyrir væntanlegar kjaraviðræður hófst um áramótin 2004 og 2005 jafnvel þó enn væru 10 mánuðir eftir af gildandi kjarasamningi og kröfugerð félagsins var einföld og skýr: Grunnlaun hækki verulega.

Í samningaviðræðunum mættust svo samninganefndir aðila, annars vegar fulltrúar St.Rv. með kröfur félagsins og hins vegar fulltrúar borgarinnar með stefnu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra í launamálum og snemma í viðræðuferlinu myndaðist sá grundvöllur sem samningurinn byggir á. Í framhaldi af samningi félagsins við borgina hafa svo hliðstæðir samningar verið gerðir við Strætó bs og Faxaflóahafnir sf og er það í fyrsta sinn sem St.Rv. gerir sjálfstæðan kjarasamning beint við þessi fyrirtæki.

Allir þessir kjarasamningar hafa verið lagðir undir dóm félagsmanna og verið samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Það er félaginu hvatning til að halda baráttunni áfram og gera enn betur næst.

Reykjavík í janúar 2006

Veist þú að....

Styrktarsjóður BSRB styrkir sjóðfélaga sem hafa verið félagsmenn í 6 mánuði af síðustu 12 til sjúkrahjálfunar, sjúkranudds, nálastungumeðferðar, hnykkklækninga (kiropraktor), 1000 kr. fyrir hvert skipti, allt að 25 skipti á ári. Einnig hjálfun hjá Hjarta- og lungnastöðinni eða sambærilegum stofnunum. Styrkur fyrir þessi tilfelli skal þó að hámarki vera 25.000 kr. á ári.

Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 6 mánuði af síðustu 12 fær styrk til krabba-meinsleitar allt að 3.000 kr. einu sinni á ári. Einnig vegna skoðunar hjá Hjartavernd allt að 12.600 kr. einu sinni á ári.

Sjá nánar reglur um styrktarsjóð BSRB á heimasíðu félagsins www.strv.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar -80 ára



Góðir gestir í kaffi, stjórn St.Rv. og starfsmenn af Grettisgötunni



Vilborg Guðnadóttir og Sigríður Kristinsdóttir tóku á móti styrk frá St.Rv. fyrir hönd BUGL.



Guðrún Kristinsdóttir starfsmaður Fjölsmiðjunnar tók á móti styrknum fyrir þeirra hönd og flutti þakkir til félagsins.



Og gestir gæddu sér svo á afmæliskökunni.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var stofnað 17. janúar 1926 og er því 80 ára um þessar mundir. Stjórn og fulltrúaráð félagsins hefur ákveðið að minnst þessara merku tímamóta með ýmsum hætti. Viðamesta framtak félagsins í tilefni afmælisins verður að styðja við bakið á starfsemi í þágu barna og ungs fólks með fjárframlögum. Barna- og unglíngageðdeild LSH mun njóta góðs af framtakinu og einnig Fjölsmiðjan í Kópavogi en hún starfrækir, með meiru, verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Þá munu stjórn og fulltrúaráð efna til nokkurra viðburða á afmælisárinu fyrir félagsmenn og velunnara félagsins.

Stofnendur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar voru 68 og í þeim hópi voru aðeins tvær konur. Í dag eru félagsmenn rösklega þrjú þúsund og konur í miklum meirihluta, eða 66%. Þá hefur deild eftirlaunafólks verið starfandi innan félagsins frá 1978 og hefur innan sinna raða yfir 600 manns.

Frá upphafi hefur helsta verkefni Starfsmannafélagsins verið að berjast fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi félagsmanna. Auk kjara- og réttindamála hafa svo tveir málaflokkar, orlofs- og fræðslumál, verið aðalviðfangsefni félagsins á síðustu áratugum. Félagið hefur nú nýverið lokið gerð kjarasamninga fyrir allan þorra félagsmanna sinna. Helsti viðsejandi er sem fyrr Reykjavíkurborg en í seinni tíð hafa fleiri aðilar bæst við og þar á meðal borgarfyrtæki með breyttu rekstrarformi en í meirihluta eigu borgarinnar. Má þar m.a. nefna Orkuveitu Reykjavíkur sf., Strætó bs., Faxaflóahafnir sf. og Félagsbústaði hf.

Starfsmannafélagið var á meðal stofnaðila BSRB árið 1942 og er nú annað fjölmennasta félagið innan vebanda þess. Frá upphafi hefur félagið tekið virkan þátt í starfsemi bandalagsins, átt fulltrúa í stjórn þess, sem og fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum samtakanna. Fyrsti formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var Ágúst Jósefsson. Núverandi formaður er Sjöfn Ingólfsdóttir og er hún jafnframt 1. varaformaður BSRB.

Viðtal við borgarstjóra Steinunni Valdísi Óskarsdóttur



Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Hvernig telur þú að til hafi tekist varðandi þær stjórnsýslubreytingar sem borgin hefur ráðist í síðastliðin tvö ár og – eru fleiri breytingar í vændum?

Ég er geysilega ánægð með hvernig til hefur tekist og þann skilning sem starfsmenn hafa sýnt á þeim umbótum sem nauðsynlegar voru. Hugmyndin var vitaskuld sú að bæta þjónustu Reykjavíkurborgar við íbúa og nýta betur það skattfé sem í þjónustuna fer. Við höfum vísbendingar um að þetta hafi tekist, en breytingarnar nú eru þær umfangsmestu, sem Reykjavíkurborg hefur gengið í gegnum.

Það er ekki sjálfsagt að svona miklar breytingar gangi jafn snurðulítið fyrir sig og raunin hefur orðið. Ég tel að vandadur undirbúningur og öflug kynning á verkefninu hafi skipt miklu. Okkur tókst að afla markmiðum breytinganna fylgis og öflug þátttaka starfsfólks í breytingaferlinu tryggði framganginn. Ég tel að það traust, sem skapast hefur milli borgaryfirvalda og starfsmanna borgarinnar hafi gert það að verkum að fólk er tilbúið að leggja ýmislegt á sig, svo sem að flytjast á nýja vinnustaði og fá nýja vinnufélaga. Kann ég öllu þessu fólk bestu þakkir fyrir framlag þess til breytinganna, sem nú eru á lokastigi.

Það er þó aldrei þannig að endapunktur sé náð í þessum efnunum. Við verðum stöðugt að skoða með gagnýnum hætti hvernig við skipuleggjum starfsemi

þjónustufyrirtækis á borð við Reykjavíkurborg. Mikið átak er að baki en við verðum að hafa í huga, að það eitt er öruggt varðandi framtíðina að hún verður öðruvísi en nú.

Reykjavíkurborg og stéttarfélagin hafa verið sökuð um að stefna efnahagslegum stöðugleika í tvísýnu með nýgerðum kjarasamningum sín í milli. Hvernig skýrir þú þessi heiftugu viðbrögð við kjarasamningum, sem almennt eru litnir jákvæðum augum í samfélaginu?

Fólkið í þessu landi lætur auðvitað ekki segja sér það að hækkun þessara alægstu launa sporðreiði öllu. Það eru allt aðrar og stærri tölur sem við höfum fyrir augunum á hverjum degi, sem skipta þar meira máli. Þá er ég auðvitað ekki að gera lítið úr því verkefni sem framundan er að gæta þess að þessar hækkunar lögst launuðu hópanna gangi ekki upp allan launastigann og þar hef ég reynt að sýna ákveðið fordæmi.

Það er hinsvegar þannig að þegar við teknum hugsunarhætti áhrifaaflla í samfélaginu er storkað, þá kallar það á harkaleg viðbrögð. Skýringuna á harkalegum viðbrögðum við samningunum tel ég að megi að nokkru leyti rekja til þessa. Að hluta til réðust viðbrögðin af flokkspólítík og að hluta til báru þau vott um hreina og klára karlrembu.

Hvaða áherslur telur þú að samningsaðilar ættu að taka varðandi áframhaldandi vinnu í átt að launajafnrétti?

Kynbundinn launamunur er meinsemd, sem eins og annað óréttlæti nagar þjóðfélagið innan frá. Starfsmatskerfið, sem tekist hefur að þróa í góðu samstarfi Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Eflingar og Kjarafélags tæknifræðinga, er það tæki sem við höfum sett talsvert traust á í þessum efnunum. Það eykur gagnsæi launakerfisins og dregur aukagreiðslur, sem oft á tíðum voru lítt sýnilegar, upp á yfirborðið.

Við höfum reglulega gert rannsókn á

launajafnrétti meðal borgarstarfsmanna og þær hafa leitt í ljós að við erum á réttri leið. Á næstu mánuðum og miss-erum kemur á daginn hversu langt starfsmatið ber okkur í átt til launajafnréttis. Í þessum efnunum eins og í öðrum réttlætismálum samfélagsins þurfum við þó alltaf að vera vakandi yfir nýjum tækifærum og hafa kjark til að grípa þau þegar þau gefast.

Hvernig sérð þú fyrir þér að hægt sé að tryggja það að starfsmatið verði í stöðugri þróun og geti tekið á þeim miklu og sífelldu breytingum, sem á störfum óhjákvæmilega verða?

Við megum ekki gera lítið úr því að fyrsti áfangi innleiðingar á alveg nýrri hugsun og aðferð í launamyndun var gríðarlegt átak þar sem við þurftum að byrja alveg frá grunni. Þar á ég við þýðingu á kerfinu, staðfæringu, áreiðanleikaprófanir, fræðsluherferðir og svo fínþússun á kerfinu. Svo var það auðvitað matið sjálft, þar sem fleiri hundruð einstaklingar komu til viðtals. Tíminn sem í þetta fór var nauðsynlegur, ekki síst til að skapa öllum sem að starfsmatinu koma, bæði fulltrúum Reykjavíkurborgar og stéttarfélaganna, ákveðið öryggi fyrir því að við værum að gera rétt. Slikt þarf tíma. Þau ensku sveitarfélög sem við fylgjumst með og eru að innleiða sama kerfi hafa ekki getað gert það með meiri hraða en við, þrátt fyrir að byrja með staðfært kerfi á eigin móðurmáli og starfsmat sé þar viðurkennd og þekkt aðferð sem flest ef ekki öll sveitarfélög höfðu viðhaft í áratugi.

Núna er þekkingin til staðar hjá breiðum hópi fólks. Við kjarasamningsgerðina núna var farið ítarlega yfir starfsreglur starfsmatsnefndarinnar og þær endurskoðaðar. Þá hafa ný stéttarfélög gerst aðilar að starfsmatinu og því fagna ég alveg sérstaklega. Í vinnunni framundan með nýjum félögum mun auðvitað fínþússun og fágun á kerfinu halda áfram. Fjöldi þessara starfsmanna er þó engan veginn sambærilegur við fjölda þeirra sem starfsmatið tók til í fyrsta áfanga. Í endurskoðuðum reglum er kveðið skýrt á um það ferli sem fer í

gang þegar óskað er endurmats á störfum vegna breytinga eða þegar ný störf verða til. Störf verða og hafa alltaf verið breytingum háð. Með starfsmatsaðferðinni held ég að aðferðafræðin við að meta þessar breytingar sé traust. Kerfið virkar síðan þannig að eftir því sem endurmatsbeiðnum fjölgar þróast kerfið smátt og smátt og vissulega getur skipast þörf fyrir stærri breytingar. Þeirri þörf verður þá svarað. Þannig lít ég á starfsmatið sem viðvarandi verkefni og við nálgumst það sem slíkt.

Hvernig vilt þú sjá að búíð sé að starfsmatinu í framtíðinni?

Vilji bæði Reykjavíkurborgar og samningsaðila stendur til þess að tryggja fagmennsku og sjálfstæði þeirra starfsmanna sem að því vinna sem best má vera. Þannig hefur það verið í reynd og á þessu sjónarmiði hefur verið hnykkt í nýjum reglum starfsmatsnefndar. Við teljum hagsmunum Reykjavíkurborgar, starfsmanna hennar og stéttarfélaganna hennar best tryggða með því að efla eins og framast er kostur traust allra aðila á sjálfstæði starfsmanna. Þetta hefur ekki verið vandamál hingað til og ég sé ekki

fyrir mér að það verði það, fyrst og fremst vegna þess að allir starfshættir í starfsmatinu eru eins gegnsærir og hægt er og allt er uppi á borðinu. Aðhaldið er þ.a.l. frá öllum hliðum ef svo má segja, frá stéttarfélagunum í garð borgarinnar og öfugt, og frá sérfræðingum kerfisins gagnvart nefndinni í heild.

Hvaða áherslur vilt þú setja varðandi starfsþróun og starfsmenntun starfsmanna Reykjavíkurborgar?

Í nýgerðum kjarasamningum voru tryggðir auknir fjármunir til starfsþróunar og starfsmenntunar og þannig haldið áfram á þeirri braut, sem við höfum verið á undanfarin ár í góðri samvinnu við stéttarfélögin. En það er ákveðið misgengi í þessari þróun, sem á sér eðlilegar skýringar, misgengi sem stafar af því að starfsmenntun á sumum sviðum liggur beinna við en á öðrum og spilar menntakerfið í landinu þar inn í. Mörg störf, til dæmis skrifstofustörf, eru þannig í okkar samfélagi að þau geta verið mjög sérhæfð, en lærast fyrst og fremst inni á vinnustöðunum, en ekki til dæmis á brautum framhaldsskólanna eða í öðrum sérhæfðum skólum. Oft er

það þá á ábyrgð yfirmanna að setja upp námskeið, til dæmis í nýjum tölvukerfum, en menntakerfið gefur slíkum námskeiðum yfirleitt enga formlega viðurkenningu. Hér held ég að við snertum almennan veikleika í starfsmenntakerfinu í þessu landi, veikleika sem margir kvarta undan. Svar okkar við þessu eru annars vegar símenntunaráætlanir stofnana, sem eiga einnig að gera einstaklingsbundnar símenntunaráætlanir fyrir sitt starfsfólk, og hins vegar sú vinna, sem framundan er í samstarfi við stéttarfélögin að skapa farveg fyrir formlega viðurkenningu á slíku námi og þjáfun innan vinnustaðanna. En ég vil ítreka þá hugmyndafræði okkar sem liggur þessum samningsákvæðum að baki, að við viljum að vinnustaðir okkar séu menntandi og eflandi og að það skili sér í auðugri verkefnum og formlegri viðurkenningu. Þannig eru hugtök starfsmenntun og starfsþróun óaðskiljanleg og eru bæði í þágu vinnustaðanna sjálfra og starfsmannanna.

Möndull

Endur- og símenntun starfsmanna LSH



Möndull nefnist nýtt fyrirkomulag endur- og símenntunar fyrir starfsmenn LSH í Eflingu - stéttarfélagi, SFR Stéttarfélag í almennaþjónustu, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (St.Rv) og Sjúkraliðafélagi Íslands. Áhersla er lögð á að fræðslan nýtist starfsmönnum í starfi og stuðlar að starfsþróun þeirra.

Möndullinn skiptist í grunnnámskeið (20 kennslust.) og valnámskeið sem starfsmenn velja í samráði við sinn yfirmann. Námskeiðin eru öll matshæf til launahækkunar. Áætlað er að Möndull byrji í

febrúar nk. og mun það vera auglýst nánar innan LSH. Markmið endur- og símenntunar í Möndli:

- Að auka gæði og fagmennsku í starfi
- Að efla skilning og þekkingu starfsmanna á þörfum starfseminnar
- Að efla starfsmenn í faglegum og uppbyggilegum samskiptum
- Að gefa þátttakendum aukið tækifæri til starfsþróunar með því að takast á við ný og breytt verkefni
- Að stuðla að frekari starfsánægju

- Að hvetja starfsmenn til áframhaldandi endur- og símenntunar

Samráðshópur innan LSH hefur mótað námskeiðin og var innihald þeirra ákveðið í kjölfar þarfagreiningar meðal stjórnenda spítalans.

Nánari upplýsingar veita Þórleif Drífa Jónsdóttir deildarstjóri sími: 543 1328, netfang: drifa@landspitali.is og Magnea B. Jónsdóttir verkefnastjóri, sími: 543 1332, netfang: magneabj@landspitali.is á skrifstofu starfsmannamála, LSH

Gott að vita...

Námskeið og fyrirlestrar og vinnustofa á vorönn 2006

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið, fyrirlestra og vinnustofu fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá haustsins og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Skráning og nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.),
jakobina@strv.bsrb.is - sími 525-8330

Ljósmyndun

Tími:

a) Þri. 14. og 21. feb. kl. 16:30-19:30.

b) Þri. 14. og 21. mars kl. 16:30-19:30.

Lengd: 8 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson

Þáttökugjald kr. 1000.-

Lýsing:

Að kenna undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndataekni, almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.) og hvernig eigi að meðfara myndir almennt til að mynda hvernig beri að setja myndir í tölvu, skipuleggja þær og geyma, hvernig eigi að skipuleggja myndasafn sem og laga og prenta út myndir.

Ath. Æskilegt er að þátttakendur hafi meðferðis myndavél og að hún sé fullhlaðin.

Nýtt

Hvað ætla ég að gera við sumarfríð mitt?
- Vinnustofa og hugmyndir

Tími: Mið. 22. febrúar kl. 16:30-19:30.

Lengd: 4 kest.

Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð.

Leiðbeinandi: Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri.

Ekkert þáttökugjald.

Lýsing:

Sumarleyfið er sá tími sem flest okkar biða eftir með mikilli tilhlökkun. Í sumarfríinu á allt að gerast; þá á að hvílast, sinna börnunum betur og gera ýmislegt skemmtilegt með þeim, liggja í sólbaði, hitta vini og vandamenn oftast, fara í ferðalög innan lands og utan, lesa góðar bækur, grilla a.m.k. þrisvar í viku, taka líkamsræktina með trompi o.s.frv., o.s.frv.

Hvernig tekst okkur að láta væntingar okkar til sumarfrísins rætast? Þurfa góðu áformin að víkja fyrir skyldustörfum sem ekki náðist að klára fyrir sumarleyfið? Fyrir utan allt það góða sem við ætlum að gera, er þar að auki fjölmargt sem við verðum að klára áður en við getum farið að njóta þess að komast í sumarfrí?

Hvað með peninga? Það kostar að fara í frí og ferðast. Ætlum við að fara til útlanda? Ætlum við að ferðast innanlands? Hvaða útgjöld leggjast ofaná hinn venjulega rekstur okkar?

Hvað með hugmyndir? Hvað langar mig að gera í sumarfríinu? Hvað er í boði? Hvað getum við sjálf gert? Þurfum við að kaupa skipulag sumarfrísins frá einhverjum öðrum eða getum við skipulagt þetta allt saman sjálf?

Námskeið þetta er hugsað sem vinnustofa þar sem unnið verður með hugmyndir og leiðir til að auka líkur á því að við getum látið væntingar okkar til sumarfrísins rætast.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, innleggjum, hugmyndavinnu, hópaverkefnum, ofl.

Hvort ég get? Ekki málið

Tími:
Fim. 2., mán. 6., fim. 9. og mán. 13. mars
kl. 19-22.
Lengd: 16 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð
Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir
mannfræðingur.
Þáttökugjald kr. 1.000.-

Lýsing:
Námskeiðið miðar að því að auka sjálfstraust einstaklinga, gera þá öruggari og ánægðari með sig og kenna ýmsar aðferðir til að ná þeim markmiðum. Þátttakendur eru vaktir til vitundar um tengsl jákvæðrar sjálfstímyndar og góðra samskipta. Mótun og inntak sjálfstímyndar skoðað, sýnt fram á að hún er lifandi og breytanleg og rýnt í mikilvægi samspils hugsunar og hegðunar. Aðferðir og æfingar í markmiðssetningu og ákveðniþjálfun. Námskeiðið byggir á lifandi samræðum kennara og þátttakenda.

Skattaframtal

Tími: Mið. 15. mars. kl. 16:30-19:00
Lengd: 3 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð
Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson deildarstj. hjá skattstjóranum í Reykjavík.
Ekkert þáttökugjald.

Lýsing:
Að þátttakendur öðlist færni í að fylla út skattaframtal. Jafnframt verða veittar upplýsingar um þann rétt til frádráttar, afsláttar og bóta sem þeir eiga samkvæmt lögum. Þá verður einnig kynnt hvernig fólk ber sig að við framtalsskil á netinu.

Nýtt

Vatnið í náttúru Íslands – Náttúran í vötnum Íslands.

Tími: Mið. 22. mars kl. 17-18.
Lengd: 1 klst.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð
Fyrirlesari: Dr. Hilmar J. Malmquist líffræðingur, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs
Ekkert þáttökugjald.

Lýsing:
Fjallað verður um vatnafræðilegan fjölbreytileika íslensku vatnaauðlindarinnar, náttúrufræðileg sérkenni, þjónustu vatnaauðlindarinnar við land og þjóð og hvar skóinn kreppir helst að í umgengni við auðlindina.

Launajafnrétti Launamunur karla og kvenna.

Tími: Þriðjud. 7. mars. kl. 16.30-17.30.
Lengd: 1 klst.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð
Fyrirlesari: Lilja Mósesdóttir prófessor.
Ekkert þáttökugjald.

Lýsing:
Mælingar, skýringar og aðgerðir. Lilja Mósesdóttir, mun gera grein fyrir niðurstöðum norræna verkefnisins Mælistikur á launajafnrétti. Markmið verkefnisins var að meta tölfræðiupplýsingar um kynbundinn launamun á Norðurlöndunum, greina ástæður hans og safna upplýsingum um aðgerðir til að draga úr launamun kynjanna.

Viltu læra
ensku, dönsku eða spænsku?
Tungumálanámskeið BSRB í samstarfi við
Framvegis -miðstöð um símenntun
Nánari upplýsingar og skráning á
www.framvegis.is og í síma 581 - 4914

Með allt á hreinu? Kjaramál

Tími: Þri. 4. apríl kl. 16:30-19:00.
Lengd: 3 kest.
Staður: Grettisgötu 89, 4. hæð
Leiðbeinandi: Sverrir Jónsson hagfræðingur.
Ekkert þáttökugjald.

Lýsing:
Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur fræðist um ýmis algeng atriði í kjarasamningnum sem gott er að þekkja. Farið verður yfir uppbyggingu launaseðla og laufétt dæmi leyst í sameiningu.

Mikill kraftur hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt

Fræðslusetrið Starfsmennt hefur starfað af miklum þrótti í vetur. Fjölmörg þjálfunarverkefni hafa verið í gangi og hefur þar verið bæði um að ræða klassísk námskeið eins og Starfsnám stuðningsfulltrúa og Framrás, en einnig ný verkefni eins og Járnsíðu – skóla fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna og Tölvur og tölvunotkun – netnám. Er óhætt að segja móttökur og þátttaka félagsmanna hafi farið fram úr öllum væntingum. Aðsókn að námskeiðum hefur verið mjög mikil á síðustu mánuðum. Til að mynda þá hafa um 650 nýir þátttakendur skráð sig inn á vef Starfsmenntar síðan nýr vefur setursins var opnaður í byrjun október og margir úr þeim hópi hafa tekið þátt í nokkrum fjölda námskeiða.

Nýr þjónusta og upplýsingavefur

Hinn nýi vefur Starfsmenntar hefur komið gríðarlega út. Það eru fjölmargir sem heimsækja vefinn á viku hverri og skráningar ganga mjög vel. Vefurinn er þannig upp byggður að leitast er við að gera alla þjónustu sem einfaldasta og skilvirkasta. Notendaviðmótið er einfalt og árangursríkt og þannig er til dæmis öll skráning rafræn og umsækjendur fá allir sjálfvirkar svarsendingar úr kerfinu um afgreiðslu umsókna. Hefur þetta mælst mjög vel fyrir hjá þátttakendum.

Þessar vikurnar er verið að vinna að því að gera fefinn enn notendavænni. Þannig verður til dæmis þáttur kennara gerður stærri á vefnum. Stefnt er að því að allir kennarar á vegum Starfsmenntar, en þeir eru um 120 talsins, fái aðgang að heimasvæði síns námskeiðs og uppfæri námsefni og kennsluefni með reglulegum hætti. Þannig fá nemendur alltaf uppfært efni frá kennurunum og það ferskasta úr þeirra smíðju. Ennfremur munu nemendur og kennarar eiga aðgang að spjallsvæði síns námskeiðs innan tíðar og þar verður hægt að halda úti umræðum um efnið.

Nýtt dagatal

Ein af þeim nýjungum sem er að finna á heimasíðu Starfsmenntar er viðburðadagatal. Dagatalið er þannig hannað að notendur geta valið námskeiðsflokka og staðsetningar á landsvísu og skoðað hvað er í boði hvar. Þannig geta Vestfirðingar sem og aðrir landsmenn einangrað það framboð sem er á þeirra landsvæði. Gerir þetta allt yfirlit einfaldara og skilvirkara.

Hvað verður?

Stefnt er að því að heimasíða Starfsmenntar verði öflugasti þjónustuvefur landsins á sviði endur- og símenntunar. Þar verður unnið að því að félagsmenn aðildarféлага Fræðslusetursins Starfsmenntar geti gengið að upplýsingum og þjónustu á skilvirkan og augljósan hátt og að vefurinn styðji við nám þeirra á sem bestan hátt. Annað markmið snýr að því að vefurinn á að leiða til minni kostnaðar við allt utanumhald. Þar verður sjálfvirkni og rafrænar afgreiðsluleiðir lykilatriði.



Er þinn vinnustaður fjölskylduvænn?

Á vinnustaðunum flínn, næsti yfirmáur eða samstarfsfólk skilið að fá viðurkenningu fyrir að stuðla að samræmingu vinnu og einkalífs í orði og verki?

Sendu okkur flá rökstudda ábendingu.

Kæri starfsmaður

Hollvinir hins gullna jafnvægis hafa í hyggju að veita í þriðja sinn viðurkenningu fyrir framlag sem stuðlar að samræmingu vinnu og einkalífs í orði og verki. Viðurkenningin „Lóð á vogarskálina“ verður afhent á ráðstefnunni „Hið gullna jafnvægi: Gjofult verkefni“ sem haldin verður á Nordica hotel 16. febrúar nk. Ef þér finnst vinnustaðurinn þinn fjölskylduvænn, að þar ríki goður skilningur á þörfum og aðstæðum starfsmanna í einkalífinu, að leitað hafi verið leiða til að gera starfsfólki kleift að samræma vinnu og einkalíf t.d. með auknum sveigjanleika í störfum starfsmanna – **sendu okkur flá rökstudda ábendingu.**

Tekið er á móti ábendingum á vefsvæðinu www.hgj.is. Frestur til þess að senda inn ábendingu rennur út 10. febrúar nk.

www.hgj.is

Hollvinir hins gullna jafnvægis

Vettvangur fróðleiks um sveigjanleika á vinnustaðum og samræmingu vinnu og einkalífs

Hollvinir hins gullna jafnvægis eru: Alþýðusamband Íslands • Efling stéttarfélag • Félagsmálaráðuneytið • Hugsmíðjan • IMG Gallup • Íslandsbanki hf. • Jafnréttisráð • Jafnréttisstofa • Landsbanki Íslands hf. • Landsvirkjun • Orkuveita Reykjavíkur • Reykjavíkurborg • Samtök atvinnulífsins • Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar • Verzlunarmannafélag Reykjavíkur • Vinnuefirlitið • Vinnuálagstofnun

Páskaleiga orlofshúsa

Félagsmenn athugið. Skila þarf inn umsókn um í orlofshús félagsins á Úlfjótuvatni, í Munaðarnesi, Eiðum og í íbúðir á Akureyri fyrir 10. mars n.k.

Upplýsingar á skrifstofu í síma 525-8330 umsóknareyðblöð er hægt að finna á heimasíðu félagsins www.strv.is

MFÍK

Alþjóðafriðardagur kvenna

8. mars
Í tilefni dagsins verður dagskrá frá kl. 17 í Ráðhúsi Reykjavíkur